

ekki nægar ástæður til þess að skipa fyrir um slíka ráðstöfun, enda mundi hún, einkum þegar eins er ástatt og nú er, verða jafnaðarsjóðum amtanna mjög þungbær. En vesni ástandið seinna, verður stjórnarráðið að fela öllum amtmönnum á Íslandi á hendur að koma sér saman um að gjöra þær ráðstafanir í þessu efni, sem þykja best við eiga eptir öllum atvikum.

Því skal við bætt, að stiptamtmaninum og amtmanninum yfir vesturumdæminu hefir verið tilkynntur þessi úrskurður stjórnarráðsins.

1867.
24. apríl.

21. Konungleg Auglýsing til Alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1865.

31. maí.

Vér Kristján hinn Níundi o. s. frv., sendum Voru trúa alþingi kveðju guðs og Vora!

Vér höfum með allrahæstri velpóknun tekið á móti þegnlegu ávarpi alþingis og yfirlýsingunni í því um þegnlega hollustu við Oss og konungsættina.

Þar sem borin er fram í ávarpi þessu ósk um, að málefnum um stjórnar-fyrirkomulag Íslands verði sem allra fyrst ráðið til lykta, gleður það Oss að geta kunngjört Voru trúa alþingi, að nú mun verða lagt fyrir þingið frumvarp til fullkominna stjórnarskipunarlaga handa Íslandi, er fer því fram, að alþingi verði veitt yfirgripsmikið vald í öllum málefnum, sem snerta Ísland, og að Vorir kæru þegnar í tæðu landi verði hluttakandi hinna sömu borgaralegu réttinda og þegnarnir í hinum hlutum ríkisins. Og er það von Vor, að alþingi láti í tæ trúlynda liðveizlu sína til þess að málefni þessu, sem er svo áriðandi fyrir Ísland, verði bráðlega og farsællega ráðið til lykta.

Vér höfum vandlega látið ihuga tillögur Vora trúa alþingis um mál þau, sem stjórnin bar undir álit þess árið 1865, og aðrar uppástungur þingsins, og munum Vér nú skýra hér í einu lagi frá, hvað í þeim efnum hefir af ráðið verið.

1867.

I.

31. maí.

Um þegnleg álitismál, sem komin eru frá alþingi.

Þessar rættarbætur hafa gjörðar verið um þau mál, sem Vær höfum fengið um þegnlegar tillögur Vors trúa alþingis:

1. Tilskipun 1. desembermánaðar 1865 um verzlunarovg á Íslandi.

2. Tilskipun 15. desembermánaðar s. á., er nákvæmar ákveður ýmislegt viðvíkjandi prestaköllum á Íslandi.

3. Tilskipun 5. janúarmánaðar 1866 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.

4. Tilskipun 26. janúarmánaðar s. á. um vinnuhjú á Íslandi.

5. Reglugjörð sama dag um að gjöra verzlunarstaðinn Ísafjörð að kaupstað og um stjórn bæjarmálefna þar.

6. Opíð bréf sama dag um að stofna byggingarnefnd á kaupstaðnum Ísafirði.

7. Lög 16. febrúarmánaðar s. á. um, að endurskoðuninni á lögnum frá 19. degi janúarmánaðar 1863 um launaviðbót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi skuli skotið á frest.

Þegar lagaboð þessi hafa verið samin, hafa verið vandlega fhugaðar athugasemdir þær, er alþingi hefir gjört um þau, og hefir sumum þeirra eptir því verið breytt í ýmsu, ýmislegt verið nákvæmar ákveðið og ýmsu við bætt.

Í þegnlegu álitsskjali sínu um frumvarp það til laga um nýtt fyrirkomulag á fjárhagssambandinu millum Íslands og konungsríkisins, sem stjórnin lagði fyrir alþingi, hefir það ráðið frá, að frumvarpið verði gjört að lögum í því formi, sem það lá fyrir, og hefir þingið þar að auki beiðzt þess, að þjóðfundur verði sem fyrst saman kallaður samkvæmt lofordi því, sem veitt var í konungsbréfi 23. septembermánaðar 1848, og kosningarlögum 28. septembermánaðar 1849, og að fyrir þenna fund verði lagt frumvarp til algjörðrar stjórnarskipunar í heild sinni, sem sé byggt á grundvallarreglunum í 1.—4. grein í fyr nefndu lagafrumvarpi.

Eptir því, hvernig alþingi þannig hefir tekið í þetta mál, hefir

1867.

31. maí.

Oss ekki þókt vera tilefni til að láta leggja ofan nefnt lagafrumvarp fyrir þingið að nýju, og samkvæmt því, sem tekið er fram um það efni í ástæðunum fyrir frumvarpi því til stjórnarskipunarlaga handa Íslandi, er nú mun verða lagt fyrir þingið, hefir Oss á hinn bóginn ekki heldur virzt vera ástæða til að kveðja til sérstaklegs þings til þess að ræða stjórnarskipunarmálið. En fari svo, að alþingi adhyllist tæð stjórnarskipunarlagafrumvarp, þá er það áform Vort, að reyna að koma því til leidar, með því að semja um það við rikisþingið, að Íslandi verði veitt úr sjóði konungsríkisins fast árstíllag, 37,500 rd. að upphæð, og bráðabirgðartíllag, 12,500 rd., sem að 12 árum liðnum verði fært niður um 500 rd. á ári, þangað til það er alveg fallið burtu; og verða stjórnarskipunarlögin, sem í vændum eru, ekki látin ná lagagildi fyr en búið er að veita þetta tíllag.

Alþingi hefir enn fremur ráðið frá, að tvö lagafrumvörp, sem lögð voru fyrir það, annað um breytingu á 6. og 7. grein í lögum 15. aprílmánadar 1854 um siglingar og verzlun á Íslandi, og hitt um brennivínsverzlun og brennivínsveitingar á Íslandi, verði gjörð að lögum.

Vegna hins nána sambands, sem tæð lagafrumvörp eru í við íslenska fjárhagsmálið, hefir þókt réttast að fresta að koma þeim lengra áleiðis, þangað til að búið er að ráða fjárhagsmálinu til lykta.

Sömuleiðis er lagafrumvörpunum um laun handa hreppstjórur á Íslandi og um að ferma og afferma gufuskip á sunnudögum og öðrum helgidögum skotið á frest samkvæmt tíllögum alþingis.

Að því er loks snertir frumvörp þau, er lögð voru fyrir alþingi, annað til laga um laun handa íslenskum póstembættismönnum, og hitt til opins bréfs, er skipar fyrir um ýmislegt, sem snertir póstgöngur, þá hafa ekki að svo stöddu orðið gjörðar frekari ráðstafanir til þess að koma þeim málum fram, vegna þess hvernig alþingi tók í lagafrumvarpið um fyrirkomulag fjárhagsmálsins, og hið sama er og um lagafrumvarpið um hina fyrirhuguðu stofnun búnaðarskóla á Íslandi.

II.

31. maí.

Um þegnlegar bænarsskrár, er komið hafa frá alþingi.

1. Á meðan ekki er útkljáð um fjárhagsstöðu Íslands framvegis, verða ekki gjörðar frekari ráðstafanir útaf þegnlegri bænarsskrá alþingis um, að stjórnin annist um, að komið verði á reglulegum gufuskipaferðum meðfram ströndum Íslands.

2. Hið sama er og um þegnlega bænarsskrá alþingis um stofnun kennsluskóla handa lögfræðingaefnum á Íslandi.

3. Útaf þegnlegri bænarsskrá alþingis um endurbót á ýmsum greinum, er snerta læknaSKIPUNINA á Íslandi, höfum Vær allramildilegast fallt á:

- 1) að úr læknaSjóðnum íslenzka megi veita allt að 5 læknaefnum, er vilja setjast að og fást við lækningar í þeim hêrudum á Íslandi, þar sem dómsmálastjórninni virðist vera mest þörf á lækniS aðstoð, 400 rd. styrk á ári hverjum þeirra, og þar á ofan heita þeim, að þeir megi eiga von á, að styrkur þessi verði hækkaður um 100 rd. fyrir hver 3 ár, sem þeir fást við lækningar, þangað til hann er orðinn 800 rd. á ári; og megi þá gjöra læknum þeim, sem þessi styrkur er veittur, að skyldu að takast á hendur um tiltekið svið störf þau, sem hvíla á hêraðslæknunum, ef þeir eru því samþykkir, og fái þeir þá sömu borgun fyrir þau störf, og hêraðslæknunum eru veitt;
- 2) að undir eins og að minnsta kosti einn útlærður læknir hefir sett að á þenna hátt í hverju af hinum þrem ömtum landsins, til þess að fást við lækningar, þá fái læknaSjóðurinn borgað úr jafnaðarsjóðum amtanna 200 rd. tillag það úr hverjum jafnaðarsjóði, sem ákveðið er í konungsúrskurði 12. ágústmánaðar 1848; og
- 3) að úr læknaSjóðnum sé veitt 200 rd. tillag á ári í tvö ár til þess að kaupa fyrir bækur og áhöld, er landlæknirinn á Íslandi geti haft við læknakennsluna, með því skilyrði að hann ábyrgist að skila þeim í góðu ástandi, þegar þar að kemur; en að öðru leyti eigi lærisveinararnir sjálfir að sjá sér fyrir bókum þeim, sem þeir þurfa með.

Enn fremur mun verða lagt fyrir alþingi, samkvæmt bæn

þess, frumvarp til tilskipunar um breytingu á ákvörðununum um gjald spítalahlutanna, er svo eru nefndir, á Íslandi.

1867.
31. maí.

En þar sem alþingi enn fremur hefir farið fram á, að öllum læknum á Íslandi verði leyft að kaupa sjálfir læknismedöl frá útlöndum, halda lyfjabúð og fara með meðalasölu, þá hefir ekki þókt vera ástæða til að taka þessa bæn alþingis til greina, því að það væri alveg gagnstætt grundvallarreglum þeim, sem farið er eftir, og mundi af því leiða, að umsjón sú, sem höfð er af hálfu hins opinbera bæði með því, að læknismedölin, sem seld eru, séu góð, og að nóg sé til af þeim, mundi falla burtu; og loks hafa hagsmunir íslenzku lækna ekki getað komið til greina, með því að ætla má að það sé nógur hagur fyrir þá, að þeir mega sjálfir láta úti læknismedöl þau, sem þeir fá frá lyfjabúðunum á Íslandi.

Um 6. og 7. niðurlagsatriðið í bænarskrá alþingis, sem hér er rætt um, skal þess getið, að bæði hefir þókt beztt við eiga að verja tillögum þeim úr jafnaðarsjóðum amtanna, sem ákveðin eru í konungsúrskurði 12. ágústmán. 1818, á þann hátt sem sagt er í 2. tölulið, og hins vegar virðist ekki vera leidd full rök að því, að þörf sé á að hækka 600 rd. styrk þann, sem nú er goldinn úr læknaþjóðnum til læknuakennslannar í Reykjavík, um 400 rd., eins og alþingi hefir stungið uppá, því að sèr í lagi virðist 300 rd. styrkur sá, sem lærisveinunum nú er veittur, að vera hæfilegur eftir því, hversu margir þeir eru að jafnaði. Ekki hefir heldur þókt ástæða til að veita þeim tveim mönnum, sem nefndir eru í 9. og 10. niðurlagsatriði bænarskránnar, og hafa fengið við lækningar þótt ekki hafi þeir aflokið neinu prófi, neina þóknun fyrir það úr opinberum sjóði. Að því er loks snertir tillögur alþingis um, að bætt verði kjör Thorlacíusar, aðstoðarlæknis, sem hefir veitt héraðslækninum í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslu aðstoð til að gegna héraðslæknisstörfunum í Austfirðingafjórðungi landsins, þá verður ekki að svo stöddu ákvarðað neitt um það, af því að tæður héraðslæknir hefir nýlega fengið annað embætti, og fyrir þá sök verður að gjöra nýja skipun á forstöðu læknisembættisins í Austfirðingafjórðungi, og er það mál nú í undirbúningi.

1867.

31. maí.

4. Til þess að bæta úr vandkvæðum þeim, sem sveitarfélögin á Íslandi hafa af óforsjállegum giptingum fátækra manna, hefir alþingi farið þess á leit í þegnlegri bænarskrá, að látið verði koma út lagaboð, þar sem svo sé fyrir nælt, að ef að sá, sem ætlar sér að giptast, hefir ekki svo mikið fyrir sig að leggja, sem nákvæmar væri kvedið á um samkvæmt reglum þeim, er alþingi hefir stungið uppá í því efni, þá eigi svaramennirnir að ábyrgjast, að hvorki hann nè hyski hans verði sveit þeirri, þar sem hann á framsærslurétt, til þyngsla þrjú fyrstu árin eptir hjónabandið.

En það er hvorttveggja, að ekki verður fallizt á grundvallarreglur þær, sem uppástunga þessi hefir við að styðjast, enda virðist vera þeim mun minni ástæða til að taka hana til greina, sem ekki verður álitid, að ráðstafanir þær, er alþingi hefir stungið uppá, geti veitt neina verulega trygging til þess að sporna við léttúðugum giptingum, og verða þá ekki heldur álitnar hagfeldar til þess að koma því til leiðar, sem ætlazt var til.

5. Samkvæmt þegnlegri bænarskrá alþingis hefir komið út opið bréf 22. marzmán. þ. á. um löggilding verzlunarstaðar á Borgarnesi við Brákarpoll í Mýrasýslu í vesturumdæminu á Íslandi.

6. Alþingi hefir farið fram á í þegnlegri bænarskrá, að lagt verði fyrir þingið frumvarp til reglugjörðar um sveitastjórn á Íslandi.

En með því að fyrirkomulagið á málefni þessu að miklu leyti er undir því komið, hvernig stjórnarskipun Íslands verður ráðið til lykta, þá verða að svo stöddu ekki gjörðar frekari ráðstafanir til að koma málefni þessu lengra áleiðis.

7. Þegnleg bænarskrá alþingis um, að úr ríkissjóðnum verði fyrst um sinn veittir 300 rd. á ári handa forngripasafni því, er stofnað hefir verið í Reykjavík, hefir ekki orðið tekin til greina vegna þess, hvernig allt er nú á reiki um fjárhagsstöðu Íslands.

8. Ekki hefir þókt ástæða til að fallast á þegnlega bænarskrá frá alþingi, um að veittur verði styrkur úr ríkissjóði til

viðgjörðar á kirkjunni á Hólum í Hjaltadal í norður- og austur-umdæminu á Íslandi og til þess að halda henni við eptirleiðis.

1867.
31. maí.

9. Alþingi hefir farið þess á leit í þegnlegri bænarskrá, að frumvarpi því til tilskipunar um að taka hús í Reykjavík-kaupstað í brunabótafélag hinna dönsku kaupstaða, er borið var undir álit alþingis áður fyrri, verði veitt lagagildi.

Um leið og vísað skal um þetta efni í það, sem sagt er í konunglegri auglýsingu til alþingis 9. júnímán. 1865 um það, hvernig málefni þessu þá var komið, skal því við bætt, að með því að aðalástæðan fyrir því, að landsþingið felldi frumvarp það, er lagt var fyrir það á fundi þess 1864—65 um fyrirkomulag þessa málefnis, var sú, að koma ætti á fulltrúasamkomu frá kaupstöðunum, áður en málefni þessu yrði ráðið til lykta, þá var lagt fyrir ríkisþingið frumvarp, er laut að þessu; en með því að þjóðþingið vildi ekki fallast á frumvarp þetta, nema að því væri samfara yfirgripsmiklar endurbætur á allri löggjöfnni um brunabótafélög kaupstaðanna, þá hefir ekki enn orðið gjört meira við mál þetta.

10. Í þegnlegri bænarskrá frá alþingi var farið fram á, bæði að samdar verði og prentaðar almennar reglur um viðhald og aukningu hinna íslenzku birkiskóga, og reglum þessum síðan útbýtt meðal almennings, og einnig að sendur yrði til Íslands duglegur skógfræðingur til þess að ferðast um landið og segja síðan álit sitt um, hvar og hvernig hentast mundi að gróður-setja skóg í landinu.

Það virðist samt því síður vera ástæða til að taka fyrra bænatriðið til greina, sem að stjórnin þegar fyrir mörgum árum síðan hlutadist um, að Sivertsen, er þá var umbodsmáður, samdi á íslenzku leiðarvísi handa alþýðu um að koma upp birkiskógum, og að bæklingur þessi síðan var gefinn út og mörg exemplör af honum send til Íslands til útbýtingar kauplaust meðal landsmanna; og að því er síðara bænatriðið snertir, þá hefir ráðstöfun sú, sem þar er farið fram á, ekki orðið framkvæmd, af því að fé það hefir ekki fengizt, er til þess þarf.

11. Samkvæmt þegnlegri bænarskrá alþingis hefir dóms-málastjórn Vor hlutazt um, að ákvarðanirnar í auglýsing dóms-

1867.
31. maí.

málastjórnarinnar 31. októbermán. 1864 um fast verðlag fyrir lyfsölumennina á eiturtegundum þeim, sem nefndar eru í tilskipun 1. aprílmán. 1796, smbr. opið bréf 19. aprílmán. 1843, og mestmegnis eru hafðar til iðnaðar og búsyslu, og á öllum almennum læknislyffjum, tilbúnum og ótilbúnum, sem eru seld í hópakaupum og án fyrirsagnar frá lækni, eða eru notuð til iðnaðar og búsyslu, þó ekki kveði mikið að því, — verði einnig látnar gilda á Íslandi, og að enn fremur verði lækkað verðið á hjartarhornsolíu. En þar sem alþingi hefir farið fram á, að einnig verði hlutast um, að verðið á brenndu kalki og pottösku verði fært niður, þá verður lyfsölumönnunum ekki skipað sérstaklega fyrir um það, með því að tæðar vörutegundir verða að álíttast frjáls kaupeyrir.

Til staðfestingar allramildilegustum úrskurðum Vorum, þeim er nú hefir verið getið, höfum Vör sent yður þessa auglýsing Vora, og heitum Voru trúu alþingi hylli Vorri og konunglegri mildi.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn 31. dag maímánaðar 1867.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

31. maí.

22. Auglýsing Dómsmálastjórnarinnar, um ýmsar ráðstafanir viðvíkjandi læknaskipuninni á Íslandi.

Útaf þegnlegri bænarskrá alþingis 1865 um endurbót á ýmsum greinum, er snerta læknaskipunina á Íslandi, hefir Hans hátign konunginum þóknast, samkvæmt uppástungu dómsmálastjórnarinnar 10. j. m., allramildilegast að úrskurða:

- 1) að úr læknasjóðnum íslenska megi veita allt að 5 læknaefnum, er vilja setjast að og fást við lækningar í þeim hærðum á Íslandi, þar sem dómsmálastjórninni virðist vera mest þörf á lækni aðstoð, 400 rd. styrk á ári hverjum þeirra, og þar á ofan heita þeim, að þeir megi eiga von á, að styrkur þessi verði hækkaður um 100 rd. fyrir hver